

Staða innflytjenda á vinnumarkaði á krepputímum eftir byggðamynstri og atvinnugreinum

VÍFILL KARLSSON, prófessor Háskólinn á Bifröst

BJARKI ÞÓR GRÖNFELDT, lektor Háskólinn á Bifröst

ÚTDRÁTTUR: Það er áhyggjuefni að atvinnuleysi var meira meðal innflytjenda en Íslendinga í efnahagsþrengingunum sem fylgdu heimsfaraldri COVID-19. Í þessari rannsókn var staða innflytjenda á vinnumarkaði haustið 2020 greind og samanburður gerður við stöðu Íslendinga. Markmiðið með rannsókninni var að kanna hvort innflytjendur hafi notið þess efnahagslega forskots sem vissir landshlutar og vissar atvinnugreinar hafa jafnan skilað Íslendingum. Stuðst er við gögn úr Íbúakönnun landslutanna 2020 þar sem rúmlega 10.253 íbúar tóku þátt, þar af 1.261 innflytjandi. Helstu niðurstöður benda til þess að staða innflytjenda á vinnumarkaði hafi verið verri en Íslendinga. Innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu nutu ekki hærri launa, aukins atvinnuöryggis og atvinnuúrvals sem Íslendingar þar nutu. Að sama skapi virtust atvinnugreinar sem vænkuðu hag Íslendinga, svo sem sjávarútvegur, byggingarstarfsemi og stjórnun, ekki skila sér í auknum tekjum, ánægju með laun eða atvinnuöryggi hjá innflytjendum. Atvinnuöryggi og atvinnuúrval innflytjenda var í engum atvinnugreinum eins lítið og í ferðaþjónustu. Athygli vakti að innflytjendur í dreifbýli virtust vera ánægðari með búsetu sína en innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu eða öðru þéttbýli úti á landi. Því er dregin sú ályktun að innflytjendur hafi ekki notið svokallaðs borgarhagræðis (t.d. hærri launa í þéttbýli) eða velgengni sumra atvinnugreina (t.d. sjávarútvegs) að sama skapi og Íslendingar.

LYKILORD: Innflytjendur – Atvinnumarkaður – Atvinnuöryggi

ABSTRACT: Unemployment was higher amongst immigrants than Icelanders during the economic crisis following COVID-19. This study investigated the status of immigrants in the labour market in the autumn of 2020 and compared it to that of Icelanders. The aim was to investigate whether immigrants enjoyed economic advantages that certain regions and industries have historically provided Icelanders. Data from the

2020 Regional Residential Survey were utilised (10,253 participants with 1,261 immigrants). Findings suggested that the situation of immigrants in the labour market was worse than that of Icelanders. Immigrants in the capital area did not enjoy higher salaries, increased job security, and job selection like Icelanders did. Industries that promised prosperity for Icelanders, such as fisheries, construction, and management, did not result in increased income, satisfaction with wages, or job security for immigrants. Job security and job selection were in no industry as low for immigrants as in tourism. It was noteworthy that immigrants in rural areas seemed to be more satisfied with their living conditions than immigrants in the capital area or urban areas in the countryside. The conclusion is that immigrants did not enjoy the so-called agglomeration economies (e.g., higher wages in urban areas and profitable industries, such as fisheries).

KEYWORDS: Immigrants – Labour market – Job security

Inngangur

Ísland gengur þessi misserin í gegnum miklar breytingar á lýðfræðilegri samsetningu íbúa sinna vegna fjölgunar innflytjenda, með tilheyrandi áhrifum á vinnumarkað og efnahagslíf. Tilfni þessarar rannsóknar er að kanna stöðu innflytjenda á vinnumarkaði í COVID-19 faraldrinum og gera samanburð við stöðu Íslendinga eftir búsetu, en ekki hefur verið ráðist í slíka vinnu áður hérlendis.

Árið 1996 voru innflytjendur á Íslandi um 1,9% landsmanna ef stuðst er við mannfjöldatölur Hagstofu Íslands. Fjöldi þeirra hefur rúmlega tífaldast og voru innflytjendur um 18,5% íbúa í janúar 2023 (Hagstofa Íslands, 2023). Þann 13. janúar 1993 samþykkti Alþingi lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið og tóku þau gildi 1. janúar 1994. Þá varð Ísland hluti af evrópska efnahagssvæðinu og þar með hluti af vinnumarkaði Evrópusambandsins og EFTA. Fram að þessu höfðu innflytjendur verið frekar fáir á Íslandi. Þeim fjölgaði þó ekki hratt framan af 10. áratugnum. Samdráttarskeið var á Íslandi og fá innlend fyrirtæki voru að leita að fólki. Það var ekki fyrr en á hagvaxtarskeiðunum í aðdraganda bankahrunsins og heimsfaraldurs COVID-19 sem mikil umframeftirspurn varð eftir vinnuafli hér á landi svo að starfsfólk var sótt út fyrir landsteinana. Á fyrri hagvaxtarskeiðinu voru það aðallega fyrirtæki í mannvirkjagerð sem leiddu þróunina en eftir bankahrún voru það frekar fyrirtæki í ferðaþjónustu. Sjávarútvegurinn hefur einnig verið lengi í þörf fyrir vinnuafli sem komið hefur erlendis frá en eftir að kvótakerfið kom til hafa sveiflurnar verið vægari en í hinum tveimur atvinnugreinunum. Þess utan hefur eftirspurn eftir vinnuafli í sjávarútvegi dregist hægt og bitandi saman vegna hagræðingar í greininni. Vöxtur í ferðaþjónustu hefur hins vegar verið ævintýrlegur og hefur gert mikið fyrir viðspyrnu þjóðarbúsins eftir bankahrúnið. Hann hefur um leið kallað á mikið vinnuafli á skömmum tíma og þá hefur aðgengi að Evrópska efnahagssvæðinu stutt við bakið á greininni og um leið stuðlað að mikilli fjölgun innflytjenda hérlendis. Rannsóknir (Ævar Þórolfsson, 2019) sýna að viðhorf innfæddra Íslendinga til innflytjenda eru heilt yfir jákvæð en þó má segja að umtalsverður minnihluti telji innflytjendur hafa slæm áhrif á atvinnulíf og menningu og að draga ætti úr fjölda þeirra.

Vísbendingar hafa komið fram í fjölmiðlum (RÚV, 2014; Sighvatur Arnmundsson, 2019) um að brotið hafi verið á starfsfólki af erlendum uppruna hérlendis og því full ástæða til að hlúa að þáttum sem bætt geta upplýsingaflæði til þeirra. Þetta á kannski sérstaklega við á krepputímum þegar at-
hygli manna snýr að kreppunni en rannsóknir benda til að innflytjendur séu sértaklega viðkvæmir á tímum sem slíkum eins og fjallað verður betur um í næsta kafla. Hér verður því skoðað hvort innflytjendur búi við sömu aðstæður á vinnumarkaði og Íslendingar en áherslan verður á landfræðilega þætti (þó svo komið verði inn á ýmsa aðra tengda þætti). Tvær rannsóknarspurningar verða hafðar að leiðarljósi. Í fyrsta lagi er því velt upp hvort innflytjendur hafi notið efnahagslegrar velgengni ýmissa landshluta á kreppuárinu 2020 með sama hætti og Íslendingar, sem birst hefur t.d. í hraðri uppbygg-

ingu höfuðborgarsvæðisins og stærri þéttbýlisstaða eins og Akranesskaupstaðar. Seinni rannsóknarspurningin lítur að því að kanna hvort innflytjendur hafi notið kerfisbundinnar velgengni ýmissa atvinnugreina (t.d. sjávarútvegs) að sama skapi og Íslendingar.

Í greiningunum verður sjónum beint sérstaklega að sex lykilþáttum: Ánægja innflytjenda með laun sín, atvinnuöryggi, úrval atvinnu og möguleikar til að ráðast í eigin atvinnurekstur ásamt raunverulegum tekjum og svo mat þeirra á ánægju með búsetu sína. Í skýrslunni er gerður munur á launum og tekjum með lítið eitt óvenjulegum hætti. Þegar talað er um laun þá er vísað til þess hversu ánægðir þátttakendur eru með launatekjur sínar. Þegar talað er um tekjur er vísað til þeirra tekna sem þátttakendur sögðust vera með í krónum (raunverulegra tekna) án tillits til þess hvort þeir væru ánægðir með þær eða ekki. Annar munur er á hugtökunum hér. Með launum er vísað til launatekna og því vísað til tekna sem fólk fær af atvinnu sinni. Tekjurnar voru hins vegar launatekjur, lífeyrir, námslán og atvinnuleysisbætur og vísa því til alls aflafjár annars en fjármagnstekna eða annarra mögulegra tekna.

Þessi grein byggir á skýrslu sem gerð var um efnið nýlega (Vífill Karlsson, 2022) og hér má því finna margt þaðan þó svo annað sé gjörbreytt.

Fyrri rannsóknir og fræðilegur bakgrunnur

Kenningar innan hagfræðinnar gera ráð fyrir að laun séu hærri í þéttbýli en dreifbýli og að sá munur aukist með auknum mannfjölda. Ef ekki, þá endurspeglast það í lægra verðlagi eða meiri fjölbreytni vöru, þjónustu og starfa. Að baki þessu eru kenningar um borgar- eða þéttbýlishagræði (Henderson, 2003; McCann, 2001). Í þeim felst að í sinni einföldustu mynd muni aukin nálægð milli fyrirtækja lækka flutningskostnað og afkoma því batna. Seinni tíma útfærslur hafa bætt við ávinningi við þekkingaryfirfærslu, fjölbreyttum vinnumarkaði (meiri sérhæfing), sérhæfðum aðfangamarkaði og hvernig fyrirtækin geta í raun á vissan hátt deilt sérhæfðu vinnuafli, þjónustu og aðföngum á milli sín, svo það helsta sé nefnt (O'Sullivan, 2009, bls. 45-57). Erlendar rannsóknir hafa sýnt að launamunur geti numið allt að 35% á milli þéttbýlis og dreifbýlis (Glaeser og Mare, 2001; Soto og Paredes, 2016; Yankow, 2006).

Einnig gerir hagfræðin ráð fyrir að velgengni atvinnugreina skili sér í hærri launum til þeirra sem þar starfa ef samkeppni er viðunandi á vinnumarkaði eða að viðunandi samningsstaða ríki á milli vinnuveitenda og launþega (Boyes og Melvin, 1999). Samkvæmt jafnvægislíkaninu myndi það síðan smita yfir á aðrar atvinnugreinar og til annarra landshluta og afmá allan launamun hvort heldur milli atvinnugreina, starfsgreina eða landshluta, o.s.frv. (Hunt, 1993; Karlsson, 2012; McCann, 2001). Í reynd gerist þetta aðeins að hluta til. Velgengni einnar atvinnugreinar eða landshluta smitast en ákveðinn launamunur viðhelst vegna ýmissa þátta, t.d. markaðsbresta. Einnig hefur það áhrif hvort störf séu óvenju skemmtileg eða gefandi. Því til stuðnings eru til gamlar kenningar (Smith, 1776/1997, bls. 80) og nýrri greiningarvinna (Block o.fl., 2014; Duncan og Holmlund, 1983; Smith, 1979) um að sá sem er almennt ánægður í vinnu sinni sé líklegri til að hafa lægri laun en sá sem er óánægður, að öllu öðru óbreyttu. Séu tveir einstaklingar jafn ánægðir með misjafnlega há laun sé því ekki von á að sá munur breytist. Einnig getur landfræðilegt skynvirði leikið þarna hlutverk þar sem t.d. ákveðin borg er með óvenju góðan félagsauð eða menningarlíf í samburði við aðra landshluta eða hreinlega gott veður eða aðlaðandi umhverfi. Þessu lýsti Roback (1982). Að ofansögðu sést að hagfræðin gerir ráð fyrir að aukin menntun, færni og hæfileikar sem auka framleiðni í atvinnulíf-inu skili sér í hærri launum og reynslurannsóknir hafa rennt stöðum undir þær kenningar (Balestra og Backes-Kellner, 2017; Jón Bjarki Bentsson og Þórhallur Ásbjörnsson, 2004; Vífill Karlsson og Finnbjörn Börkur Ólafsson, 2011).

Þegar athyglinni er beint að stöðu innflytjenda á vinnumarkaði þá skal fyrst nefna stóra rannsókn (Cachon og Aysa-Lastra, 2015) sem gerð var á aðstæðum innflytjenda frá Suður-Ameríku og afdrifum þeirra í Bandaríkjunum og á Spáni eftir bankakreppuna 2008. Í rannsókninni er vitnað til upplýsinga í skýrslu Sameinuðu þjóðanna (UN, 2009) um að 38 milljónir innflytjenda hafi verið

í Bandaríkjunum en sex milljónir á Spáni. Þar segir einnig að á meðal OECD-ríkja hafi Spánn og Bandaríkin verið þau tvö ríki þar sem innflytjendum fjölgaði mest á árunum 2004-2008. Fjallað er um að innflytjendur séu sérstaklega berskjaldaðir í kreppum eða á samdráttarskeiðum vegna þess að þeir séu hlutfallslega margir á markaði fyrir afgangsvinnuafli eða varavinnuafli (e. *secondary labour market*). Rannsakendur segja að á þeim markaði séu störfin gjarnan óstöðug, illa launuð og hlunnindarýr og innflytjendum sé því hættara við að missa vinnuna og lenda í fátækt þegar harðnar á dalnum. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar virtist óöryggi innfæddra aukast á samdráttarskeiðum, jafnvel þó þeir stæðu betur en innflytjendur og gat gremja innfæddra beinst gegn innflytjendum. Innflytjendur mættu meiri mismunun og félagslegri einangrun í báðum löndum eftir að bankakreppan skall á. Þar kemur einnig fram að mismunun gagnvart innflytjendum hafi verið minna áberandi á Spáni en í Bandaríkjunum og er það rakið til þess að ólöglegir innflytjendur af suður-amerískum uppruna eru hlutfallslega fleiri í Bandaríkjunum en á Spáni, sem kemur m.a. fram í mun lægri launum (sjá einnig Lessem og Nakjima, 2019).

Atvinnuleysi faglærðra innflytjenda af suður-amerískum uppruna var meira en hjá faglærðum heimamönnum bæði í Bandaríkjunum og á Spáni en munurinn var meiri í síðarnefnda landinu (Cachon og Aysa-Lastra, 2015). Hins vegar hafa ófaglærðir innflytjendur að þessu leyti orðið harðar úti í kreppum og á samdráttarskeiðum en faglærðir innflytjendur. Það er í samræmi við niðurstöður annarrar rannsóknar (Orrenius og Madeline, 2009). Enn önnur rannsókn, sem gerð var á Spáni, sýndi að neysla innflytjenda dróst meira saman en hjá innfæddum í sömu kreppu (Ballester, Velazco, Rigall-I-Torrent, 2015). Að því sögðu virðast innflytjendur vera meiri frumkvöðlar en heimamenn en fyrirtæki þeirra eru fyrri til að leggja upp laupana á samdráttarskeiðum (Irastorza og Peña-Legazkue, 2018).

Í rannsókn Petrelli og félaga (2017), sem byggð var á ítölskum gögnum, kom í ljós að enginn munur hafi verið á þróun andlegrar heilsu kvenna eftir uppruna, andstætt því sem spænsk rannsókn Gotsens og félaga komst að (2015). Á Ítalíu virðast innflytjendur þó hafa haft almennt betri heilsu en víða annars staðar og báru Petrelli og félagar sig saman við þrjár aðrar rannsóknir (Nielsen og Krasnik, 2010; Spallek o.fl., 2011; Subedi og Rosenberg, 2014). Þá komu fram vísbindingar um að innflytjendur á Norðurlöndunum hefðu verið í meiri smithættu gagnvart COVID-19 en innfæddir (Sigurjónsdóttir o.fl., 2021). Á Spáni máttu konur af erlendum uppruna þola auknið ofbeldi í kjölfar kreppunnar eftir bankahrúnið og minni þjónustu hins opinbera (Briones-Vozmediano o.fl., 2014). Þegar kom að þjónustu heilbrigðiskerfisins þá versnaði hún í kjölfar kreppunnar en sérstaklega gagnvart innflytjendum (Porthé o.fl., 2017).

Nýlega kom út skýrsla frá Nordregio um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði á Norðurlöndum á tímum COVID-19 kreppunnar (Gassen og Penje, 2021). Þar komu fram áður þekkt stef eins og að í kreppunni hefði félagslegur og efnahagslegur munur eftir uppruna aukist meðal íbúa. Enn fremur að fólk af erlendum uppruna (þ.e. fætt erlendis) hefði misst atvinnu sína í ríkari mæli en innfæddir af sömu stétt og stöðu og sérstaklega þeir sem fæddir eru utan Evrópusambandsríkja og hafa minni menntun. Þess var getið að Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hefðu verið að glíma við áskoranir er tengdust innflytjendum á vinnumarkaði, að þær áskoranir hefðu magnast eftir COVID-19 og talið var mikilvægt að bregðast sérstaklega við til að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi þeirra.

Lokaritgerð var unnin við Háskólann á Bifröst rétt eftir bankahrún á Íslandi og fjallaði um hagi Filippseyinga við þær aðstæður (Torres, 2013). Þar kom í ljós að efnahagur þeirra versnaði verulega vegna atvinnuleysis og stöðu á fasteignamarkaði. Einnig kom fram að veiking krónunnar olli verulegum búsisfjum vegna þess að þeir áttu erfiðara með að styðja við fjölskyldur sínar í upprunalandinu með fjárframlögum eins og þeir höfðu gert um tíma. Rannsókn Mirru fræðslu- og rannsóknarseturs á stöðu innflytjenda í ferðaþjónustu leiddi í ljós verulegar brotalamir í stuðningskerfi við innflytjendur sem og margvísleg brot á réttindum þeirra (Hallfríður Þórarinsdóttir, 2019). Annars hefur staða innflytjenda á Íslandi lítið verið rannsökuð í tengslum við kreppur eða hagsveiflur. Því er fullt tilefni til að ráðast í rannsóknir á stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Eftirfarandi upplýsingar fengust hjá Jóngeiri Hjörvari Hlinasyni, sem starfar á Fjármála- og

rekstrarsviði Vinnuálastofnunar, í símtali þann 3. febrúar (2022): Yfirleitt geta innflytjendur flutt með sér réttinn til atvinnuleysisbóta á milli landa um leið og þeir verða atvinnulausir og þiggja þá bætur í því landi sem þeir flytja til en það er háð lögum þess lands. Þá verða þeir að hafa unnið sér inn rétt til atvinnuleysisbóta en það tekur innan við mánuð að öðlast hann hérlendis. Síðan geta innflytjendur eða útlendingar sem hafa þegið atvinnuleysisbætur í einn mánuð á Íslandi flutt utan og fengið íslenskar atvinnuleysisbætur í þrjá mánuði með sér. Stundum er hægt að sækja um þriggja mánaða framlengingu.

Þessar reglur geta í einhverjum tilvikum latt útlendinga til að flytja frá Íslandi ef þeir verða atvinnulausir. Það er þó alls ekki víst og fer það væntanlega eftir því hvernig þeir meta möguleika sína á að fá þar atvinnu. Í sumum löndum (t.d. A-Evrópu) hefur stundum komið vel út að hafa atvinnuleysisbætur frá Íslandi í 3-6 mánuði vegna gengis gjaldmiðlanna.

Af framansögðu má sjá að innflytjendur eru viðkvæmur hópur í félagslegu og efnahagslegu til-liti víða um heim og sérstaklega á samdráttarskeiðum. Afkoma þeirra versnar á samdráttarskeiðum eða í kreppum, þeir verða frekar atvinnulausir en heimamenn og eiga erfðara með að komast aftur í vinnu. Þeim er því hættara við að sitja eftir hvað varðar eignamyndun. Staða karlkyns innflytjenda virðist geta verið verri en kvenkyns. Þá eru ófaglærðir í verri stöðu en faglærðir. Möguleikinn að komast í atvinnu eftir að hafa misst hana getur verið breytilegur meðal innflytjenda og geta búseta og félagslegar aðstæður haft áhrif, eins og t.d. hvort þeir bjuggu í borgum eða á minni stöðum (Calnan og Painter, 2017) og hvort þeir ættu maka úr röðum heimamanna eða ekki (Takenoshita, 2017). Opinber stuðningur eins og sérstök námskeið fyrir atvinnulausa hjálpar þeim að komast aftur í vinnu (Takenoshita, 2017). Félagsleg staða innflytjenda versnar á krepputímum en ólíkt innbyrðis. Stétt og uppruni innflytjenda geta haft áhrif á það hvort þeir upplifi sig velkomna eða ekki. Kynþáttafor-dómar aukast á kreppu- og samdráttarskeiðum ef óöryggi eykst almennt í viðkomandi samfélagi (Kuntz o.fl., 2017) en samt hefur verið sýnt fram á að fjölgun erlendra á vinnumarkaði fækki ekki atvinnutækifærum heimamanna, heldur þvert á móti (Fromentin o.fl., 2017). Þá jókst ofbeldi gegn konum af erlendum uppruna í bankakreppunni. Þrátt fyrir þetta sýndi rannsókn frá Tékklandi að innflytjendur væru tregir til að flytja heim á krepputímum (Marketa, 2012). Það segir eitthvað um hvernig innflytjendur meta möguleika sína og stöðu í upprunalandinu í samanburði við möguleika þeirra til framtíðar þar sem þeir búa. Þá kunna lög og reglur um atvinnuleysisbætur, sem þeir eiga rétt á þar sem þeir búa, að hafa þarna áhrif en þó alls ekki víst.

Gögn

Gögnin eru úr íbúakönnunum landshlutanna fyrir árið 2020. Öllum landshlutsamtökum var boðið að vera með, öll þáðu það nema höfuðborgarsvæðið. Þar var svokallaðri snjóboltaaðferð beitt við framkvæmd skoðanakönnunarinnar vegna kostnaðar en allir aðrir landshlutar byggja á þátttöku eftir tilviljunarkenndu úrtaki. Úrtak var tekið úr Þjóðskrá. Hringt var í þá sem lentu í úrtakinu og þeim boðið að vera með. Þeir sem samþykktu þátttöku gáfu upp netfang sitt og þeim var síðan sendur hlekkur inn á könnunina. Tæplega 1.300 innflytjendur fóru inn í könnunina þó svo virk svör hafi verið færri. Hluta þeirra var safnað með snjóboltaaðferðinni. Frekari upplýsingar um söfnun gagnanna og ýmsa aðra yfirlitstölfræði má finna í skýrslum sem gerðar voru um kannanirnar (Vífill Karlsson, 2018, 2021).

Þátttakendur könnunarinnar sem annað hvort svöruðu því til að þeir væru ekki með íslenskan ríkisborgararétt eða völdu að svara könnuninni á ensku eða pólsku frekar en íslensku voru flokk-aðir sem innflytjendur. Þannig fékkst 1.261 innflytjandi inn í könnunina. Síðan gat þátttakan verið eitthvað minni allt eftir því hversu mörgum spurningum hver og einn svaraði en þátttakendum var frjálst að sleppa spurningum nema þeirri fyrstu þar sem þeir voru beðnir um að samþykkja eða hafna þátttöku. Segja má að virk svör hafi oftast komið frá um 900 þeirra.

Í hluta af greiningunum eru svör og afstaða innflytjenda borin saman við afstöðu Íslendinga í sömu málum. Heildarfjöldi svara bæði Íslendinga og innflytjenda var 10.253 (Tafla 2).

Almennt um gögnin

Háðu breyturarnar voru sex talsins. Það eru tekjur, ánægja með búsetu, atvinnuúrval, atvinnuöryggi, atvinnurekstur og laun (launatekjur). Tekjurnar byggja á eftirfarandi spurningu úr íbúakönnuninni: „Hverjar eru heildartekjur þínar fyrir skatta á mánuði?. Átt er við allar launatekjur, lífeyri, námslán og atvinnuleysisbætur en ekki fjármagnstekjur, leigutekjur eða barnabætur og aðrar bætur.“ Þátttakendum var síðan boðið að velja laun á 100.000 kr. bili sem byrjaði á minna en 300.000 kr. og endaði á meira en 2.000.000 kr. Í úrvinnslunni var miðgildi svarsins síðan valið en 250.000 kr. fyrir minna en 300.000 kr. og 2.050.000 kr. fyrir meira en 2.000.000 kr. Ástæður fyrir því að hafa launin á 100.000 kr. bili voru tvær. Til að einfalda úrvinnslu gagnanna og til að auka svörun við spurningunni. Talið var að með því að bjóða þátttakendum að gefa upp laun sín á tilteknu bili (e. *interval*) væru þeir fljótari að svara og að þeim þætti ekki eins viðkvæmt að veita þær upplýsingar. Seinna markmiðið náðist ekki þar sem enn færri svöruðu þessari spurningu í seinni könnuninni. Náttúrulegur lógaritmi (Ln) var reiknaður af gildum breytunnar til þess að leiðrétta skekkju sem getur komið upp í svona mælingum.

Tafla 1. Lýsandi tölfræði háðra breyta 2020

Breytur	Allir þátttakendur			Innflytjendur		
	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
Ánægja með búsetu	8.034	4,30	0,72	621	4,11	0,74
Atvinnuúrval	7.927	3,10	1,08	606	3,02	1,07
Atvinnuöryggi	7.808	3,43	0,97	599	3,16	1,00
Atvinnurekstur	7.422	3,28	0,95	502	3,04	1,01
Launatekjur	7.682	3,06	0,94	603	3,11	0,93
Tekjur	5.425	14,01	0,47	498	13,75	0,42

Breytan *ánægja með búsetu* byggir á svörum við spurningunni: „Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa þar sem þú býrð?“. Hér gátu þátttakendur valið á milli: „Mjög slæmt“ sem fékk gildið 1 í tölfræðilegri úrvinnslu, „frekar slæmt“ sem fékk gildið 2, „hvorki gott né slæmt“ 3, „frekar gott“ 4 og „mjög gott“ 5.

Breyturnar *atvinnuúrval*, *atvinnuöryggi*, *atvinnurekstur* og *laun* voru unnar upp úr spurningunni: „Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi? Vinsamlegast hakið þar sem við á.“ Síðan gátu þátttakendur lýst stöðu 40 mismunandi þátta með því að merkja við einn af eftirtöldum kostum: „mjög gott“ sem fékk gildið 5 í úrvinnslunni, „frekar gott“ sem fékk gildið 4, „hvorki né“ 3, „frekar slæmt“ 2 og „mjög slæmt“ 1. Hver breyta byggði á einni spurningu.

Tafla 2: Lýsandi tölfræði bakgrunnsbreyta 2020

Breytur	Allir þátttakendur			Innflytjendur		
	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi.	Meðaltal	Staðalfrávik
Aldur	8.996	49,44	15,09	937	39,22	10,91
Býr einn	9.466	0,12	0,33	952	0,18	0,38
Býr einn börn	9.466	0,05	0,21	952	0,05	0,21
Kyn	9.410	0,46	0,50	944	0,37	0,48
Starfsreynsla	6.507	12,43	11,83	557	5,37	5,74
Starfshlutfall	6.435	0,95	0,24	544	0,95	0,21
Tekjur	6.388	587.680	314.918	537	460.428	219.912
Tryggur	6.207	1,36	2,44	545	1,10	1,66
Innflytjendur	9.397	0,11	0,31	1,031	1,00	0,00

Athugið að á meðaltalinu má sjá að þeir sem búa einir voru 12% af þátttakendum, þeir sem búa einir með börnum sínum 5%, karlar eru 46% og konur þá 54% og innflytjendur 11%.

Bakgrunnsbreyturnar eru síðan unnar upp úr spurningum um aldur, kyn og fleira er einkennir fólk á vinnumarkaði (Tafla 2). Þær skulu nú útskýrðar og skilgreindar svo lesendur geti betur rýnt í niðurstöðurnar.

- Aldur var talinn í árum og er því heiltölubreyta. Spurt var „*Hvaða ár fæddist þú?*“. Þátttakendur voru 18 ára og eldri.
- Bý ein (-n) var leppbreyta (e. *dummy variable*) sem tók gildið einn ef þátttakandi merkti við „bý ein (-n)“, annars núll.
- Bý ein (-n) með börn var leppbreyta sem tók gildið einn ef þátttakandi merkti við „bý ein (-n) með barni/börnum“, annars núll.
- Kyn var leppbreyta sem fékk gildið einn ef svarað var karl, núll ef svarað var kona, annars ekkert.
- Starfshlutfall var heiltölubreyta sem gat tekið gildin 1% til 200% (síðasta gildið var reyndar orðað „meira en 200%“). Spurt var: „*Hvert er starfshlutfall þitt? Þeir sem eru ekki í fullu starfi áætli starfshlutfall sitt (má vera gróflega áætlað) og gefi það upp í prósentum. T.d. ef aðili er í hálfu starfi velur hann 50% eða 150% ef hann er í einu og hálfu starfi (stöðugildi).*“
- Starfsreynsla var eiginlega heiltölubreyta sem gat tekið gildin 0,5 til 75 og hljóp á hálfum. Spurt var: „*Hvað hefur þú starfað lengi í núverandi starfi (ár)? Veldu þann árafjölda sem kemst næst hinu sanna. Má nálga/áætla.*“
- Tekjur voru útskýrðar undir háðar breytur. Í sumum líkönum urðu tekjur óháð breyta og hún því nefnd hér.
- *Tryggur* átti að endurspegla hversu lengi menn ílengdust í starfi og var reiknuð stærð þannig að starfsreynslu var deilt upp í starfsaldur. Starfsaldur var eiginlega heiltölubreyta sem gat tekið gildin 0,5 til 75 og hljóp á hálfum. Spurt var: „*Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda (ár)? Veldu þann árafjölda sem kemst næst hinu sanna. Má nálga/áætla.*“
- Breytan *innflytjendur* tók gildið 1 ef þátttakandi var innflytjandi og 0 ef Íslendingur. Útskýrt hefur verið hvernig innflytjendur voru skilgreindir frekar í þessum gögnum.

Tafla 3. Lýsandi tölfræði yfir breytur fyrir atvinnugreinar 2020

Breytur	Allir þátttakendur			Innflytjendur		
	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
Byggingarstarfsemi	6.562	0,05	0,21	559	0,09	0,28
Ferðaþjónusta	6.562	0,09	0,28	559	0,19	0,40
Landbúnaður	6.562	0,06	0,23	559	0,03	0,18
Sérfræði	6.562	0,06	0,24	559	0,08	0,27
Sjávarútvegur	6.562	0,08	0,27	559	0,09	0,29
Upplýsingatækni	6.562	0,02	0,12	559	0,02	0,15

Athugið að allar þessar breytur eru leppbreytur (taka gildið 0 eða 1) og meðaltalið stendur því fyrir hlutfallstölu. Samkvæmt því störfuðu til að mynda 19% þátttakenda úr röðum innflytjenda við ferðaþjónustu.

Breyturnar fyrir atvinnugreinar (Tafla 3) byggja allar á svörum þátttakenda á eftirfarandi spurningu: „*Innan hvaða atvinnugreinar er þitt aðalstarf? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.*“ Parna gátu þátttakendur valið á milli atvinnugreina (sjá nánar Vífill Karlsson, 2022):

Fáeinir atvinnugreinar sem gátu talist algengustu atvinnugreinar innflytjenda voru teknar út sem leppbreytur í þessari rannsókn (Tafla 3). Þetta voru allt leppbreytur sem fengu gildið 1 ef þátttakandi merkti við viðkomandi atvinnugrein, annars fékk hún gildið 0. Stytt heiti allra atvinnugreina ættu að

vera auðskiljanleg nema einna síst atvinnugreinin sérfræði en hún vísar til sérfræðilegrar, vísindalegrar og tæknilegrar starfsemi.

Tafla 4: Lýsandi tölfraði yfir breytur fyrir starfsgreinar 2020

Breytur	Allir þátttakendur			Innflytjendur		
	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
Iðnaðarmenn	6.489	0,10	0,30	553	0,05	0,22
Sérfræðingar	6.489	0,26	0,44	553	0,21	0,41
Skrifstofufólk	6.489	0,08	0,27	553	0,06	0,24
Stjórnendur	6.489	0,20	0,40	553	0,06	0,23
Tæknar	6.489	0,02	0,14	553	0,05	0,23
Verkafólk	6.489	0,10	0,30	553	0,27	0,44
Þjónustufólk	6.489	0,12	0,33	553	0,22	0,41

Athugið að allar þessar breytur eru leppbreytur (taka gildið 0 eða 1) og meðaltalið stendur því fyrir hlutfallstölu. Sem dæmi voru 27% þátttakenda úr röðum innflytjenda verkamenn.

Breytur yfir starfsgreinar (Tafla 4) voru unnar upp úr svörum þátttakenda á eftirfarandi spurningu: „Til hvaða starfsstéttar telst þitt aðalstarf? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.“ Þátttakendur gátu svo valið á milli þeirra sem taldar voru upp (Tafla 4).

Þetta voru allt leppbreytur sem fengu gildið 1 ef þátttakandi merkti við viðkomandi starfsstétt, annars fékk hann gildið 0. Öll stytt heiti ættu að vera auðskiljanleg.

Tafla 5. Lýsandi tölfraði fyrir breytur fyrir tíma og rými 2020

Breytur	Allir þátttakendur			Innflytjendur		
	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
Höfuðborgarsvæðið	9.214	0,12	0,33	860	0,52	0,50
Akureyri	9.214	0,08	0,26	860	0,03	0,16
Stór bær	9.507	0,31	0,46	956	0,19	0,40
Millistór bær	9.507	0,14	0,34	956	0,03	0,18
Lítill bær	9.507	0,20	0,40	956	0,13	0,33
Dreifbýlið	9.467	0,16	0,37	955	0,14	0,35
Fjarlægð til vinnu	6.488	9,75	19,18	561	8,36	14,47

Athugið að allar þessar breytur nema fjarlægð til vinnu eru leppbreytur (taka gildið 0 eða 1) og meðaltalið stendur því fyrir hlutfallstölu. Sem dæmi voru 52% innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu.

Breytur yfir tiltekna staðsetningu, eiginleika byggða, voru útbúnar (Tafla 5). Þá eru leppbreytur fyrir þá sem búa á tilteknum svæðum og taka gildið einn ef viðkomandi býr á þessu eða hinu svæðinu, annars 0. Þá er dreifbýli leppbreyta fyrir þá sem annað hvort búa í þéttbýli eða dreifbýli og tekur gildið 1 ef fólk býr í dreifbýli. Einnig var ákveðið að hafa ítarlegri skilgreiningu á samfélögum landsbyggðarinnar og voru því þrjár stærðarflokkar á þéttbýli útbúnir: Stórir bærir, millistórir bærir og litlir bærir. Það voru leppbreytur sem tóku gildið 1 ef þátttakandi bjó í einum slíkum. Litlir bærir voru þeir sem höfðu aldrei fleiri en 999 íbúa, millistórir voru á bilinu 1.000-1.999 íbúar og stórir bærir töldu 2.000 – 15.000 íbúa.

Tafla 6. Lýsandi tölfræði yfir breytur fyrir menntun

Breytur	Allir þátttakendur			Innflytjendur		
	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
Stutt starfsnám	9.766	0,15	0,36	1,031	0,08	0,28
Próf í iðngrein	9.766	0,16	0,37	1,031	0,06	0,23
Stúdentspróf	9.766	0,09	0,29	1,031	0,13	0,33
BS	9.766	0,19	0,40	1,031	0,14	0,34
MS eða meira	9.766	0,14	0,34	1,031	0,18	0,38

Athugið að allar þessar breytur eru leppbreytur (taka gildið 0 eða 1) og meðaltalið stendur því fyrir hlutfallstölu. Sem dæmi höfðu 15% allra þátttakenda lokið stuttu starfsnámi .

Að síðustu voru hannaðar breytur fyrir menntun þátttakenda. Byggt var á spurningunni: „*Hver er menntun þín? Merktu við allar prófgráður sem þú hefur lokið.*“. Þátttakendur gátu merkt við: 1) grunnskóla- eða gagnfræðapróf, 2) próf af styttri námsbrautum í framhaldsskóla og ýmsar styttri starfsnámsbrautir, 3) próf í iðngrein, 4) stúdentspróf, 5) háskólanám (fyrsta háskólagráða), 6) framhaldsnám á háskólastigi (meistaragráða, doktorsgráða eða sambærilegt). Leppbreytur voru útbúnar fyrir menntun hvers þátttakanda og fékk viðkomandi menntun gildið 1 ef sú prófgráða var lengsta nám í árum talið sem þátttakandi hafði lokið, annars 0.

Aðferð

Við greiningu á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði voru sex atriði til skoðunar sem kölluð eru lykilþættir rannsóknarinnar:

1. Ánægja innflytjenda með launatekjur sínar eða laun
2. Ánægja innflytjenda með atvinnuöryggi sitt
3. Ánægja innflytjenda með atvinnuúrval sitt
4. Ánægja innflytjenda með möguleika sína til að fara af stað með atvinnurekstur
5. Tekjur innflytjenda
6. Ánægja með búsetu

Aðhvarfsgreiningu var beitt hér og eru nokkur líkön notuð. Tæknilega umfjöllun um þau má finna í annarri hliðstæðri rannsókn (Karlsson, 2020, bls. 25) og verður hún ekki endurtekin hér. Með almennum hætti má þó stilla upp grunni allra líkananna með sama hætti:

Formúla 1.

$$y_i^* = X_i' \beta + \varepsilon_i$$

Líkanið má, með ákveðinni aðlögun (Karlsson, 2020, bls. 25), nýta til greiningar á raðtölum úr skoðanakannanagögnum og er þá kallað raðkvarðalíkan (e. *ordered response model*). Í einu tilviki er um venjulega aðhvarfsgreiningu að ræða. Það er þegar tekjur verða greindar, því sú breyta er ekki raðkvarðabreyta heldur endurspeglar krónur og aura.

Upptalningin hér að ofan (1-6) vísar til háðu breyta líkananna, y_i^* . Þessi líkön voru fyrst keyrð fyrir alla þátttakendur árið 2020 þar sem innflytjendur voru einkenndir sérstaklega með leppbreytu. Þá fengust upplýsingar um það hvort munur væri á þeim og innlendum m.t.t. þess atriðis sem var til skoðunar hverju sinni (skv. háðu breytunni). Síðan voru þessi sex atriði greind eingöngu á gögn innflytjenda til að draga fram blæbrigði niðurstaðnanna. Hér er því um tólf ólík líkön að ræða, sex háðar breytur og þess vegna eru tvö líkön á hverja háða breytu.

Óháðu breytum líkananna má skipta í fimm flokka:

1. *Bakgrunnsbreytur*: Þeim er ætlað að draga fram mun á einstaklingum sem gætu haft áhrif á launamyndun þeirra annað hvort út frá hreinum færniþáttum eða þekktum þáttum sem leitt hafa til launamismununar eins og t.d. kyns (Tafla 2).
2. *Atvinnugreinar*: Þessum breytum er ætlað að greina mismunandi fylgni eftir atvinnugreinum sem gæti verið til staðar eins og t.a.m. í launum. Sem dæmi er þekkt að sjávarútvegur á Íslandi greiðir hærri laun en ferðaþjónustan. Ástæðuna getur verið að finna í afkomu greinanna eða ólíkum kjarasamningum. Í atvinnugreinaflokkuninni var þess gætt að ná örugglega atvinnugreinum þar sem innflytjendur eru fjölmennir (Tafla 3).
3. *Starfsgreinar* eru þriðji flokkurinn og eiga það til eins og atvinnugreinar að draga skil í launapróun og ýmsu öðru er tengist stöðu á vinnumarkaði. Dæmi um þetta er verkamaður og stjórnandi sem gætu verið að fá mjög ólík laun innan sömu atvinnugreinar. Þær voru því settar inn sem óháðar breytur í öll líkönin (Tafla 4).
4. *Staðir*. Þessum breytum er ætlað að nema áhrif sem rekja má til stærðar staðanna eða staðbundna vinnumarkaðarins. Samkvæmt kenningum um borgarhagræði geta fyrirtæki í þéttbýli skilað betri afkomu en þau sem starfa í dreifbýli. Þeim mun fjölmennari sem byggðakjarnar eru þeim mun betri afkoma. Sömu kenningar gefa til kynna að þetta geti skilað sér í hærri launum. Þess vegna eru þessar breytur hafðar með (Tafla 5).
5. *Menntun*. Laun geta og eru gjarnan mismunandi eftir menntun launþeganna. Gögnin buðu upp á fimm mismunandi menntunarbreytur; stutt starfsnám, próf í iðngrein, stúdentspróf, bakkalárgráða á háskólastigi og meistaraþráða á háskólastigi eða meira (Tafla 6).

Nánari sundurliðun þessara þátta er að finna í kaflanum yfir gögnin.

Niðurstöður

Í þessum kafla er að finna greiningu á niðurstöðum 12 aðhvarfsgreiningarlíkana sem byggja öll á formúlu 1, nema Líkön 9 og 10. Niðurstöðurnar byggja mikið á túlkun á stuðlum, formerki þeirra og marktækni. Stuðlarnir mæla fylgni á milli viðkomandi óháðu breytu og háðu breytunnar sem getur verið jákvæð eða neikvæð og með mismikilli marktækni. Í Líkönum 1-8 og 11 og 12 er neikvæð fylgni á milli viðkomandi óháðu breytu og þeirrar háðu ef stuðullinn er minni en 1, annars er fylgnin jákvæð. Stuðull upp á 1,02 bendir til þess að háða breytan hækki um 2% ef óháða breytan hækkar um eina einingu. Stuðull upp á 0,98 bendir hins vegar til þess að háða breytan lækki um 2% þegar óháða breytan hækkar um eina einingu. Nú er breytan *sjávarútvegur* leppbreyta (1 ef viðkomandi starfar í sjávarútvegi, annars 0). Hún er marktæk upp á 1,68 gagnvart launum í Líkani 1. Það þýðir að sá sem starfar í sjávarútvegi er 68% líklegri til að vera ánægðari með laun sín en fólk í öðrum atvinnugreinum.

Líkön 9 og 10 eru hefðbundin aðhvarfsgreining og túlkunin í samræmi við það þar sem formerki stuðlanna segir til um hvort fylgnin er jákvæð eða neikvæð á milli háðu breytunnar og viðkomandi óháðu breytu en annars keimlík þeirri sem hér hefur verið lýst og byggir því á stuðlum, formerkjum og marktækni.

Greiningin hefst á umfjöllun og túlkun á niðurstöðum líkananna m.t.t. þess hvort Íslendingar og innflytjendur njóti borgarhagræðis, síðan er skoðað hvort þessir hópar njóti velgengni tveggja atvinnugreina. Næst er fjallað stöðu innflytjenda og Íslendinga innan atvinnugreina sem eru ýmist ríkjandi á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu. Að lokum er farið yfir niðurstöður ánægju með búsetu. Rifjum upp að munurinn á launum og tekjum felst í því að launin (launatekjur) lýsa ánægju þátttakenda með laun sín en í tekjum voru menn beðnir um að gefa þær upp í krónum án tillits til þess hversu ánægðir menn væru.

Eins og greint var frá í kaflanum um aðferðir þá eru þættirnir skoðaðir tvisvar sinnum með tveimur sjálfstæðum líkönum. Fyrst gagnvart öllum þátttakendum könnunarinnar þar sem innflytjendur eru einkenndir með leppbreytu (sbr. Líkan 1, 3, ..., 11). Það er gert til að draga fram muninn

á innflytjendum og Íslendingum hvað viðkomandi þátt varðar. Síðan eru þættirnir greindir út frá svörum innflytjenda eingöngu. Það er gert til að sjá hvort munur sé á stöðu innflytjenda eftir því hvar þeir starfa, búa, hvernig þeir standa félagslega og annað sem kann að einkenna þá innbyrðis (sbr. Líkan 2, 4, ... , 12).

Tafla 7. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir atvinnuöryggi og ánægju með laun 2020

Óháðar breytur o.fl.	Laun		Atvinnuöryggi	
	Allir Líkan 1	Innflytjendur Líkan 2	Allir Líkan 3	Innflytjendur Líkan 4
Höfuðborgarsvæðið	4,22 (11,45)***	1,13 (0,40)	1,74 (4,45)***	0,70 (-1,20)
Akureyri	0,96 (-0,34)	1,77 (0,93)	1,14 (1,07)	1,17 (0,27)
Stór bær	1,07 (0,68)	0,89 (-0,38)	0,79 (-2,50)**	0,64 (-1,45)
Milli-stór bær	1,39 (3,00)**	1,69 (0,98)	0,72 (-2,94)**	0,69 (-0,72)
Lítill bær	0,97 (-0,32)	0,87 (-0,31)	0,92 (-0,84)	1,33 (0,63)
Fjarlægð til vinnu	0,90 (-5,25)***	0,83 (-2,26)**	0,81 (-10,07)***	0,73 (-3,94)***
-Aldur	0,56 (-4,67)***	1,34 (0,66)	0,46 (-6,24)***	0,89 (-0,27)
-Býr ein (-n)	0,96 (-0,43)	1,06 (0,23)	0,90 (-1,12)	1,35 (1,04)
-Býr ein (-n) með börn	0,72 (-2,74)**	0,32 (-2,59)**	0,86 (-1,25)	0,92 (-0,19)
-Innflytjendur	0,77 (-2,39)**	na	0,48 (-6,59)***	na
-Kyn	1,08 (1,11)	0,86 (-0,68)	1,09 (1,29)	1,25 (0,98)
-Starfshlutfall	1,95 (4,72)***	2,54 (1,70)*	1,48 (2,74)**	2,11 (1,41)
-Starfsreynsla	1,07 (2,14)**	0,97 (-0,23)	1,16 (4,30)***	1,20 (1,54)
-Tekjur (þús kr.)	2,31 (10,30)***	2,16 (2,66)**	1,51 (5,01)***	1,62 (1,71)*
-Tryggur	1,01 (0,24)	0,67 (-1,45)	1,17 (2,49)**	1,37 (1,23)
-Byggingarstarfsemi	1,28 (1,77)*	0,96 (-0,12)	1,10 (0,66)	1,17 (0,43)
-Ferðaþjónusta	0,95 (-0,54)	0,91 (-0,35)	0,42 (-8,18)***	0,45 (-3,11)**
-Landbúnaður	0,85 (-1,09)	1,28 (0,43)	0,88 (-0,84)	2,37 (1,48)
-Sérfræði	1,25 (1,89)*	1,65 (1,34)	0,99 (-0,07)	0,66 (-1,15)
-Sjávarútvegur	1,80 (5,05)***	0,75 (-0,73)	1,29 (2,14)**	0,67 (-1,00)
-Upplýsingatækni	1,03 (0,16)	1,44 (0,54)	0,80 (-1,04)	0,43 (-1,42)
-Iðnaðarmenn	1,18 (1,26)	0,97 (-0,06)	1,47 (2,85)**	1,23 (0,40)
-Sérfræðingar	1,01 (0,10)	2,30 (2,00)**	1,20 (1,58)	2,48 (2,33)**
-Skrifstofufólk	0,89 (-0,88)	0,98 (-0,05)	1,25 (1,71)*	0,83 (-0,41)
-Stjórnendur	1,27 (2,17)**	3,49 (2,25)**	1,32 (2,47)**	1,92 (1,22)
-Tæknar	1,02 (0,09)	2,18 (1,47)	1,06 (0,26)	0,78 (-0,47)
-Verkafólk	0,85 (-1,28)	1,26 (0,62)	1,13 (0,98)	1,14 (0,36)
-Þjónusta	1,09 (0,72)	1,53 (1,14)	1,35 (2,60)**	1,80 (1,67)*
-Stutt starfsnám	0,92 (-1,19)	0,68 (-1,36)	0,93 (-0,91)	1,02 (0,06)
-Próf í iðngrein	0,78 (-2,96)**	0,88 (-0,40)	0,90 (-1,23)	0,61 (-1,53)
-Stúdentspróf	0,98 (-0,26)	1,71 (1,80)*	1,12 (1,23)	1,08 (0,25)
-BS	0,75 (-3,24)***	0,96 (-0,13)	0,93 (-0,84)	0,69 (-1,20)
-MS eða meira	0,81 (-2,06)**	1,44 (1,09)	0,88 (-1,18)	0,60 (-1,52)
Fjöldi athugana	4654	435	4675	432
Kí-kvaðratspróf	549,28***	66,26***	406,58***	67,21***
Pseudo R ²	0,0441	0,0594	0,0331	0,0551

Stuðlarnir eru odds ratio og í sviga eru t-gildi. * stenst 10% marktæktarkröfu, ** stenst 5% marktæktarkröfu, *** stenst 1% marktæktarkröfu. Leppbreytan fyrir innflytjendur er fasti í líkönunum fyrir innflytjendur (6 og 8) og var því felld út í þeim keyrslum.

Þegar þættirnir sem tengjast vinnumarkaðnum eru skoðaðir þá sést að það hallaði alls staðar á innflytjendur (Líkön 1, 3, 5, 7). Þar var munurinn mestur er varðar atvinnuúrval en minnstur gagnvart ánægju með laun. Marktæknin var hins vegar mikil í öllum tilfellum. Þá voru innflytjendur með marktækt lægri tekjur að auki (Líkan 9). Innflytjendur í litlum bæjum virtust vera með hærri tekjur en innflytjendur annars staðar (Líkan 10) en tekjur hafa jákvæð áhrif á ánægju með búsetu (Líkan 11) og niðurstöðuna hér að ofan, um ánægju með búsetu, má því mögulega rekja til þess. Hins vegar var atvinnuúrval innflytjenda mest á höfuðborgarsvæðinu (Líkan 6) og möguleikar þeirra til eigin atvinnureksturs mældist mest á Akureyri (Líkan 8). Að öðru leyti var ekki margt í staðarstærðinni sem virtist hafa haft áhrif á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði kreppuárið 2020.

Athygli vakti að innflytjendur sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu voru ekki marktækt öruggari með atvinnu sína eins og mældist hjá Íslendingum en vel er mögulegt að stærri og dýpri vinnumarkaður færi mönnum meiri öryggiskennd en þeir vinnumarkaðir sem grynri eru í dreifbýlinu. Það fer framhjá innflytjendum á Íslandi.

Þeir þættir sem virtust drífa innflytjendur til að fara lengri leið eftir vinnu sinni voru óánægja með laun (Líkan 1), atvinnuöryggi (Líkan 3), en spurt er um ánægju með laun og aðra vinnumarkaðsþætti þar sem þeir búa, og það virtist skila þeim hærri tekjum (Líkan 10). Þeir innflytjendur sem sóttu vinnu um langan veg voru líka óánægðari með búsetu sína (Líkan 12). Það er eðlilegt ef búsetan er langt frá vinnustað en líka hitt að þeir eru örugglega ánægðari með launin sem þeir höfðu með því að fara langt eftir vinnu en launin sem þeim bauðst þar sem þeir bjuggu árið 2020. Það sama gildi um Íslendinga. Þeir sem sóttu vinnu langt voru óánægðari með búsetu sína en þó ekki eins mikið og innflytjendur (stuðullinn fyrir fjarlægð til vinnu fyrir alla þátttakendur var 0,93 en 0,84 fyrir innflytjendur).

Tafla 8. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir atvinnurekstur og atvinnuúrval 2020

Óháðar breytur o.fl.	Atvinnuúrval		Atvinnurekstur		
	Allir Líkan 5	Innflytjendur Líkan 6	Allir Líkan 7	Innflytjendur Líkan 8	
Staðir	Höfuðborgarsvæðið	10,93 (18,40)***	2,13 (2,60)**	2,33 (6,53)***	1,66 (1,62)
	Akureyri	2,93 (8,60)***	1,12 (0,19)	0,75 (-2,20)**	3,26 (1,86)*
	Stór bær	1,05 (0,48)	1,06 (0,19)	0,57 (-5,87)***	1,07 (0,19)
	Milli-stór bær	0,82 (-1,90)*	2,26 (1,56)	0,54 (-5,44)***	1,62 (0,84)
	Lítill bær	0,55 (-5,82)***	0,69 (-0,91)	0,55 (-5,59)***	1,33 (0,63)
	Fjarlægð til vinnu	0,88 (-6,10)***	0,89 (-1,39)	0,88 (-6,24)***	0,88 (-1,42)
Bakgrunnsbreytur	-Aldur	0,78 (-2,06)**	1,51 (1,01)	0,88 (-0,99)	2,31 (1,78)*
	-Býr ein (-n)	1,13 (1,34)	1,54 (1,60)	0,95 (-0,49)	0,79 (-0,68)
	-Býr ein (-n) með börn	0,99 (-0,13)	0,42 (-2,04)**	0,66 (-3,45)***	0,29 (-2,75)**
	-Innflytjendur	0,35 (-9,45)***	na	0,42 (-7,29)***	na
	-Kyn	0,81 (-3,15)**	1,12 (0,54)	0,99 (-0,11)	1,07 (0,26)
	-Starfshlutfall	1,31 (1,97)**	1,42 (0,66)	1,38 (2,22)**	0,76 (-0,51)
	-Starfsreynsla	1,08 (2,47)**	1,02 (0,14)	1,10 (2,76)**	1,13 (0,91)
	-Tekjur (þús kr.)	1,28 (3,19)***	0,96 (-0,13)	1,55 (5,44)***	1,74 (1,85)*
	-Tryggur	1,07 (1,12)	0,83 (-0,74)	1,01 (0,22)	0,78 (-0,88)
Atvinnugrein	-Byggingarstarfsemi	1,22 (1,44)	1,44 (1,00)	1,55 (3,09)**	1,14 (0,31)
	-Ferðaþjónusta	0,66 (-3,99)***	0,53 (-2,49)**	1,02 (0,16)	0,89 (-0,40)
	-Landbúnaður	1,11 (0,72)	1,68 (0,94)	1,54 (2,69)**	2,04 (1,04)
	-Sérfræði	1,07 (0,61)	0,83 (-0,50)	1,37 (2,52)**	1,38 (0,81)
	-Sjávarútvegur	1,07 (0,65)	1,14 (0,37)	0,82 (-1,74)*	0,64 (-1,02)
	-Upplýsingatækni	0,63 (-2,18)**	0,43 (-1,39)	1,08 (0,39)	1,16 (0,24)
Starfsgrein	-Iðnaðarmenn	1,27 (1,81)*	2,26 (1,57)	1,41 (2,51)**	0,99 (-0,02)
	-Sérfræðingar	1,24 (1,89)*	3,24 (2,89)**	1,26 (2,02)**	1,19 (0,39)
	-Skrifstofufólk	1,17 (1,23)	0,98 (-0,05)	1,37 (2,39)**	1,30 (0,54)
	-Stjórnendur	1,35 (2,75)**	2,76 (1,92)*	1,52 (3,69)***	1,55 (0,79)
	-Tæknar	1,12 (0,55)	1,35 (0,56)	1,06 (0,27)	0,85 (-0,28)
	-Verkafólk	1,17 (1,29)	1,13 (0,33)	0,84 (-1,39)	0,94 (-0,15)
	-Þjónusta	1,35 (2,65)**	2,47 (2,44)**	1,17 (1,28)	1,84 (1,49)
Menntun	-Stutt starfsnám	0,96 (-0,52)	0,79 (-0,83)	0,94 (-0,81)	0,83 (-0,59)
	-Próf í iðngrein	0,98 (-0,28)	0,67 (-1,24)	1,19 (2,05)**	1,79 (1,61)
	-Stúdentspróf	1,13 (1,33)	1,03 (0,11)	1,12 (1,20)	2,39 (2,62)**
	-BS	0,81 (-2,51)**	0,61 (-1,58)	1,06 (0,69)	1,59 (1,37)
	-MS eða meira	0,76 (-2,67)**	0,65 (-1,33)	1,15 (1,34)	1,64 (1,36)
Fjöldi athugana	4707	435	4488	365	
Kí-kvaðratspróf	829,07***	64,38***	449,28***	51,63**	
Pseudo R ²	0,0604	0,0512	0,0372	0,0511	

Stuðlarnir eru odds ratio og í sviga eru t-gildi. * stenst 10% marktæktarkröfu, ** stenst 5% marktæktarkröfu, *** stenst 1% marktæktarkröfu. Leppbreytan fyrir innflytjendur er fasti í líkönunum fyrir innflytjendur (6 og 8) og var því felld út í þeim keyrslum.

Þegar rýnt er í suma þætti sem höfðu ekki marktæk áhrif á innflytjendur má fá athyglisverðar upplýsingar þegar þeir eru bornir saman við hliðstæða þætti allra þátttakenda. Í fyrsta lagi sést í líkani fyrir alla að flestir Íslendingar nutu svokallaðs borgarhagræðis en innflytjendur ekki. Það sést á því að allir þættirnir sem tengjast vinnumarkaði komu betur út eftir því sem samfélögin voru fjölmennari¹ og er það sérstaklega áberandi varðandi atvinnuöguleika (atvinnuúrval í töflu 8), möguleika til eigin atvinnureksturs (Tafla 8) og tekjur (Tafla 9). En þrátt fyrir þetta var fólk á höfuðborgarsvæðinu ekkert ánægðara með búsetu sína en fólk annars staðar (Líkan 11, Tafla 9) eins og áður sagði og innflytjendur eru marktækt óánægðari með búsetu sína þar en á Akureyri, í milli-stórum bæjum en sérstaklega í dreifbýli landsins (Líkan 12). Þegar horft var til vinnumarkaðstengdra þátta voru innflytjendur í röðum iðnaðarmanna marktækt óánægðari með búsetu sína óháð því hvar þeir bjuggu á landinu, einnig þeir sem störfuðu í sjávarútvegi eða þeir sem þurftu að fara langt til vinnu. Enga sambærilega fylgni var að finna í röðum íslenskra iðnaðarmanna en Íslendingar í sjávarútvegi voru ánægðari með búsetu sína en innflytjendur í sjávarútvegi. Ekki var auðvelt að finna skýringar á því hvers vegna innflytjendur í röðum iðnaðarmanna ættu að vera óánægðari með búsetu sína því á flesta kvarða komu þeir út með sambærilegum hætti og aðrir innflytjendur nema hvað tekjurnar varðaði. Þær voru lægstar eftir starfsgreinum innflytjenda og kemur nokkuð á óvart miðað við þá miklu eftirspurn sem verið hefur eftir iðnaðarmönnum á Íslandi um árabíl.

Almenningur virtist hafa notið kerfislastrar velgengni atvinnugreina í hærri launum, eins og t.d. sjávarútvegs og upplýsingatækni, en það gerðu innflytjendur ekki og sama má telja gagnvart iðnaðarmönnum eins og áður sagði. Innflytjendur voru t.a.m. með lægri laun en Íslendingar í sjávarútvegi en það er trúlega vegna þess að hærri hlutfall þeirra starfaði við landvinnslu en ekki til sjós þar sem launin eru almennt hærri fyrir ófaglærða. Íslendingar virðast njóta menntunar sinnar í hærri launum (Líkan 9) en það verður ekki sagt um innflytjendur (Líkan 10). Þá voru einnig þættir sem komu betur út fyrir innflytjendur en Íslendinga. Innflytjendur sem voru í stjórnunarstöðum voru ánægðari með launin sín en Íslendingar í sömu stöðum og einnig ef þeir voru sérfræðingar. Þá voru menntaðir Íslendingar yfirleitt óánægðir með laun sín (Líkan 1) þrátt fyrir að fá marktæka umbun í hærri tekjum (Líkan 9) en menntaðir innflytjendur eru ekki óánægðir (Líkan 2) með laun sín þrátt fyrir enga marktæka umbun (Líkan 10). Þar sem sjávarútvegur, landbúnaður og ferðaþjónusta vigta hlutfallslega meira úti á landi og í minni bæjum og dreifbýli en þjónustan í stærri bæjum verður að lokum fjallað sérstaklega um þær atvinnugreinar gagnvart innflytjendum, þar sem þær hafa landfræðilega og byggðafræðilega vídd.

Ferðaþjónusta stóð mjög höllum fæti þetta ár vegna COVID-19 og innflytjendur upplifðu lítið atvinnuöryggi (Líkan 4) en ekkert minna en Íslendingar (Líkan 3). Þá var atvinnuúrval lítið meðal innflytjenda í ferðaþjónustu (Líkan 6) og minna heldur en Íslendinga (Líkan 5). Atvinnuöryggi og atvinnuúrval hjá innflytjendum var í engum atvinnugreinum eins lítið og í ferðaþjónustu þetta árið. Hins vegar virtist ánægja með búsetu þeirra Íslendinga sem starfa í ferðaþjónustu vera minni (Líkan 11) en innflytjenda þar sem engin fylgni mældist hjá innflytjendum sem störfuðu í ferðaþjónustu (Líkan 12).

Innflytjendur voru ekkert sérstaklega ánægðir með laun í sjávarútvegi (Líkan 2) en innfæddir voru það (Líkan 1) enda voru innflytjendur með lægri tekjur en innfæddir í greininni (Líkan 10 og Líkan 9). Íslendingar fundu fyrir meira atvinnuöryggi í sjávarútvegi en öðrum atvinnugreinum (Líkan 3) en það gerðu innflytjendur ekki (Líkan 4). Þá töldu Íslendingar sig eiga minni möguleika á að hefja atvinnurekstur í sjávarútvegi en öðrum atvinnugreinum (Líkan 7) en sá munur var ekki marktækur meðal innflytjenda (Líkan 8) – kannski vegna þess að þeir höfðu alls staðar litla möguleika á því. Þá voru innflytjendur í sjávarútvegi mikið óánægðari með búsetu sína en innflytjendur í öðrum atvinnugreinum (Líkan 12) og sama gilti um Íslendinga nema hvað að þar var munurinn mikið minni (Líkan 11).

Í landbúnaði töldu Íslendingar sig eiga meiri möguleika til að hefja atvinnurekstur en í öðrum greinum (Líkan 7) en enga slíka tilhneigingu var að finna meðal innflytjenda (Líkan 8). Þá voru

tekjur Íslendinga marktækt lægri í landbúnaði en öðrum atvinnugreinum (Líkan 9) en engan slíkan mun var að finna meðal innflytjenda (Líkan 10).

Innflytjendur í þjónustu upplifðu meira atvinnuöryggi þetta ár en innflytjendur í öðrum atvinnugreinum (Líkan 4) en það gerðu Íslendingar líka (Líkan 3) en munurinn hjá þeim síðarnefndu var minni að þessu leyti. Atvinnuúrval innflytjenda var mikið meira í þjónustu en í öðrum starfsgreinum (Líkan 6) en það var það líka gagnvart Íslendingum (Líkan 5) en munurinn var mikið meiri hjá innflytjendum. Hins vegar voru tekjur hjá innflytjendum í þjónustu almennt lægri en í öðrum starfsgreinum (Líkan 10) og lítið eitt lægri en hjá Íslendingum (Líkan 9) þó svo þar hafi líka mælst munur. Íslendingar sem starfa í þjónustu eru almennt ánægðari með búsetu sína (Líkan 11) en það gildi ekki um innflytjendur (Líkan 12).

Innflytjendur voru marktækt óánægðari með búsetu sína á Íslandi en heimamenn (Tafla 9, Líkan 11). Óánægðastir voru innflytjendur með búsetu sína í stórum bæjum, litlum bæjum og á höfuðborgarsvæðinu en síður í millistórum bæjum og sveitum (Tafla 9, Líkan 12). Betra er að taka niðurstöðuna fyrir millistóra bæi með fyrirvara þar sem mjög fá svör eru á bakvið hana (Tafla 5). Þegar horft er til marktækninnar og stærðar stuðlanna þá er eins og innflytjendur hafi frekar unað sér betur í fámennari samfélögum en fjölmennari og einkum ef haft er í huga að leppbreytunni fyrir dreifbýli var sleppt í keyrslunni og var hún því grunnurinn sem hinar staðarbreyturnar tóku mið af.

Margt annað er áhugavert í niðurstöðum þessarar rannsóknar og verður ekki rakið í smáatriðum hér því í þessari grein var lögð áhersla á að skoða stöðu innflytjenda á vinnumarkaði sérstaklega m.t.t. staða, stærðar þeirra og hvort þeir þyrftu að sækja vinnu langt. Með rýni í töflurnar geta lesendur sjálfir skoðað aðrar niðurstöður sem kunna að vekja þeim áhuga.

Tafla 9. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir tekjur og búsetu 2020

Óháðar breytur o.fl.	Tekjur		Búseta	
	Allir Líkan 9	Innflytjendur Líkan 10	Allir Líkan 11	Innflytjendur Líkan 12
Staðir				
Höfuðborgarsvæðið	0,14 (5,58)***	-0,03 (-0,46)	1,10 (0,78)	0,51 (-2,18)**
Akureyri	0,13 (4,97)***	-0,11 (-0,87)	1,37 (2,36)**	1,98 (1,04)
Stór bær	0,14 (7,31)***	0,04 (0,67)	0,99 (-0,13)	0,36 (-3,08)**
Milli-stór bær	0,12 (5,24)***	0,03 (0,32)	0,85 (-1,36)	0,69 (-0,65)
Lítill bær	0,08 (3,86)***	0,17 (1,94)*	0,86 (-1,38)	0,44 (-1,82)*
Fjarlægð til vinnu	0,04 (9,94)***	0,03 (1,79)*	0,93 (-3,37)***	0,86 (-1,83)*
Bakgrunnsbreytur				
-Aldur	0,17 (6,67)***	-0,02 (-0,26)	0,95 (-0,42)	1,07 (0,16)
-Býr ein (-n)	-0,06 (-3,43)***	-0,15 (-2,74)**	0,93 (-0,80)	0,73 (-1,08)
-Býr ein (-n) með börn	-0,01 (-0,41)	0,10 (1,15)	0,91 (-0,78)	0,60 (-1,06)
-Innflytjendur	-0,21 (-9,54)***	na	0,73 (-2,71)**	na
-Kyn	0,16 (11,85)***	0,14 (3,28)***	0,87 (-1,91)*	0,81 (-0,88)
-Starfshlutfall			1,43 (2,42)**	1,45 (0,66)
-Starfsreynsla	0,03 (4,05)***	0,02 (0,67)	1,11 (2,89)**	0,97 (-0,23)
-Tekjur (þús kr.)			1,84 (7,23)***	2,23 (2,61)**
-Tryggur	0,04 (3,37)***	0,00 (0,06)	1,00 (-0,02)	0,66 (-1,39)
Atvinnugrein				
-Byggingarstarfsemi	-0,06 (-2,26)**	-0,09 (-1,17)	0,90 (-0,74)	1,14 (0,34)
-Ferðaþjónusta	0,01 (0,53)	-0,08 (-1,58)	0,82 (-1,83)*	0,82 (-0,75)
-Landbúnaður	-0,25 (-7,94)***	-0,14 (-1,17)	0,97 (-0,19)	0,67 (-0,66)
-Sérfræði	0,03 (1,36)	0,01 (0,11)	0,93 (-0,63)	0,95 (-0,15)
-Sjávarútvegur	0,29 (12,72)***	-0,21 (-2,72)**	0,70 (-2,96)**	0,26 (-3,37)***
-Upplýsingatækni	0,09 (2,14)**	0,14 (1,09)	0,79 (-1,10)	1,38 (0,50)
Starfsgrein				
-Iðnaðarmenn	-0,06 (-2,33)**	-0,24 (-2,20)**	1,00 (0,00)	0,35 (-1,85)*
-Sérfræðingar	0,06 (2,77)**	0,14 (1,73)*	1,17 (1,32)	0,91 (-0,21)
-Skrifstofufólk	0,00 (0,12)	0,10 (0,99)	1,31 (1,98)**	1,05 (0,09)
-Stjórnendur	0,14 (6,11)***	0,12 (1,17)	1,28 (2,12)**	1,33 (0,52)
-Tæknar	0,09 (2,10)**	0,24 (2,24)**	0,91 (-0,43)	0,49 (-1,23)
-Verkaþöfn	-0,15 (-5,86)***	-0,14 (-1,80)*	0,80 (-1,71)*	0,63 (-1,16)
-Þjónusta	-0,10 (-3,96)***	-0,13 (-1,76)*	1,30 (2,16)**	1,08 (0,20)
Menntun				
-Stutt starfsnám	0,01 (0,91)	-0,06 (-1,13)	0,83 (-2,46)**	0,75 (-0,95)
-Próf í iðngrein	0,04 (2,58)**	-0,04 (-0,55)	1,01 (0,15)	0,86 (-0,43)
-Stúdentspróf	0,06 (3,08)**	-0,08 (-1,25)	1,01 (0,06)	0,79 (-0,76)
-BS	0,13 (7,26)***	-0,07 (-1,07)	0,89 (-1,29)	0,53 (-1,90)*
-MS eða meira	0,25 (12,08)***	0,00 (0,00)	0,91 (-0,92)	0,53 (-1,77)*
Fasti	12,79 (117,26)***	13,83 (36,31)***		
Fjöldi athugana	4751	443	4741	443
Kí-kvaðratspróf/ F-gildi	59,79	4,29	210,49***	67,83***
Pseudo R ² / Breusch-Pagan.	8,66	13,59	0,0222	0,0717

Stuðlarnir eru odds ratio og í sviga eru t-gildi. * stenst 10% marktæktarkröfu, ** stenst 5% marktæktarkröfu, *** stenst 1% marktæktarkröfu. Leppbreytan fyrir innflytjendur er fasti í líkónunum fyrir innflytjendur (6 og 8) og var því felld út í þeim keyrslum.

Forsendur fyrir besta mati þessara líkana (Líkan 1 til 12) eru góðar þar sem engin marglínuleiki (e. *multicollinearity*) mældist. Þá bendir próf sem kallað er kí-kvaðratspróf á sennileikahlutfalli² (e. *Likelihood ratio (LR) Chi-Square test*) til þess að líkanið í heild sinni hafi marktæk áhrif á háðu breytur. Það gera F-gildin líka. Engin misdreifni var í línulegu aðhvarfsgreiningarlíkönunum samkvæmt Breusch-Pagan stuðlinum sem voru lægri en krítíska gildi prófsins (Líkön 9 og 10)³. Hins vegar hefði fjöldi athugana (fjöldi þátttakenda) mátt vera meiri. Rúmlega 900 virk svör voru frá innflytjendum í þessari könnun en í aðhvarfsgreiningunum nýttust eingöngu rúmlega 400 svör og sums staðar tæplega. Það kemur til af því að of margir þátttakendur slepptu því að svara ýmsum spurningum könnunarinnar. Einungis þátttakendur sem svöruðu öllum spurningum sem voru á bakvið allar óháðu breytur líkananna nýttust í aðhvarfsgreiningarnar.

Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna stöðu innflytjenda á vinnumarkaði á COVID-kreppuárinu 2020 byggt á stóru gagnasafni skoðanakönnunar frá 2020 eins og áður sagði. Tilfnið var ærið því þessi hópur er stór í íslensku samfélagi og erlendrar rannsóknir benda til að innflytjendur verði almennt harðar úti í kreppum og samdráttarskeiðum en innfæddir (Cachon og Aysa-Lastra, 2015). Ekki síst vegna þess að ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem efnahagsþrengingarnar í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19 léku verst en ferðaþjónustan hefur einnig verið stærsti vinnuveitandi innflytjenda á Íslandi um nokkurra ára skeið.

Í þessari rannsókn var spurt hvort innflytjendur á Íslandi hefðu notið sama hagræna forskots og vissir landshlutar og atvinnugreinar/starfsgreinar á Íslandi hafa notið, jafnvel á tímum COVID-kreppunnar. Í fyrsta lagi verður ekki séð að þeir hafi notið svokallaðs borgarhagræðis árið 2020 sem aðrir íbúar landsins hafa notið. Sumir mælikvarðar (t.d. ánægja með búsetu og tekjur) benda jafnvel til þess að þeir hafi síst þrífist á stærri þéttbýlisstöðum en atvinnuúrval var samt mest hjá þeim á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuöryggi innflytjenda var ekki meira á höfuðborgarsvæðinu eins og í tilfelli Íslendinga. Þess utan virðast þeir ekki fá sömu tækifæri og Íslendingar í sjávarútvegi og jafnvel upplýsingatækni. Á óvart kom hvað iðnaðarmenn í röðum innflytjenda voru með lágar tekjur miðað við uppganginn á byggingamarkaði og skort á iðnaðarmönnum hérlendis. Þá virtust innflytjendur ekki njóta menntunar sinnar í tekjum. Innflytjendur stóðu verst í ferðaþjónustu, einkum m.t.t. atvinnuöryggis og er það eðlilegt miðað við aðstæður en þó virtust þeir ekki standa verr en Íslendingar nema mögulega hvað atvinnuúrval snerti. Innflytjendur í landbúnaði undu sér nokkuð vel árið 2020 og það sama má segja um þá sem störfuðu í þjónustu. Munurinn á milli Íslendinga og innflytjenda var lítill og stundum innflytjendum í vil. Það kann að tengjast efnahagsástandinu að einhverju leyti en opinberir aðilar voru hvattir til að draga úr efnahagsáfallinu. Athygli vekur samt að innflytjendum líður ekki vel með búsetu sína í stærra þéttbýli þar sem þjónustugreinar vega hlutfallslega þyngra. Hvað dreifbýlið snertir er staða innflytjenda í sjávarútvegi áhyggjuefni en ferðaþjónusta og landbúnaður mega vel við una miðað við aðstæður. Vísbendingar komu fram um að iðnaðarmenn í röðum innflytjenda stæðu höllum fæti og vigtar það þyngra í stærra þéttbýli þar sem byggingaframkvæmdir hafa verið hlutfallslega mestar.

Aðrar atvinnugreinar skera sig ekki marktækt frá. Í byggingariðnaði og sjávarútvegi eru Íslendingar samt marktækt ánægðari með laun sín en fólk í öðrum atvinnugreinum. Möguleg skýring hefur verið tíunduð á þessum muni í sjávarútvegi en enga sennilega skýringu er að finna varðandi byggingariðnað. Áhugaverður munur kom fram á starfsreynslu og starfsaldri hjá innflytjendum í byggingariðnaði. Þeir virðast hafa mjög mikla starfsreynslu en lágan starfsaldur (sjá Vífill Karlsson, 2020, myndir 8.11 og 8.12) sem bendir til þess að þeir fari ört á milli vinnuveitenda. Þetta er mun meira áberandi á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni (sjá Vífill Karlsson, 2020, tafla 8.1). Það kann að tengjast miklu meiri umsvifum byggingariðnaðarins á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Þá er stór munur hvað þetta varðar á milli innflytjenda og Íslendinga. Það kann að útskýra mismun á tekjum að einhverju leyti en samt var leiðrétt fyrir þær breytur og hafði starfsaldur

í gegnum breytuna „tryggur“ áhrif á tekjur innfæddra en ekki innflytjenda (Tafla 9, Líkön 9 og 10). Það kann að vera vegna þess að þeim er ekki umbunað fyrir starfsaldur eða að starfsaldur sé ekki nógu langur hjá innflytjendum í samanburði við innfædda og að ef starfsaldur er ekki nógu langur hjá innflytjendum hafi gögnin ekki numið áhrifin. Vert er að fylgjast með þessu og ýmsu öðru sem innflytjendur fá ekki umbun fyrir eins og Íslendingar (eða til jafns við Íslendinga). Þar má nefna lífaldur, menntun og hlut í velgengni ýmissa atvinnugreina og starfsgreina (Tafla 9, Líkön 9 og 10).

Íslenskukunnátta kann að hafa mikið með slaka útkomu innflytjenda að gera og þá kannski sérstaklega varðandi úrval atvinnu og tekjur. Í flestum tilfellum eru laun á Íslandi há í samanburði við laun í heimalandinu og kann að vera að innflytjendur skorti upplýsingar um hver eðlileg laun séu á Íslandi.

Erfitt reyndist að finna erlendar rannsóknir sem vörpuðu ljósi á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði á þann hátt sem hér er gert, þ.e. hvort borgarhagræði og velgengni sumra atvinnugreina skiluðu sér í tekjum þeirra. Það er helst að rannsókn þeirra Cachon og Aysa-Lastra (2015) geti mögulega skýrt af hverju þeir njóta síður fyrrnefndrar velgengni vegna þess að hlutfallslega fleiri þeirra fá störf sem bjóðast varavinnuafli og þar er afkoman lakari og atvinnuöryggið minna. Í gögnum rannsóknarinnar var engin slík flokkun til staðar og líklegt er að varavinnuafli sé í flestum greinum þó svo hlutur þess sé meiri í tilteknum atvinnugreinum, t.d. þar sem árstíðasveifla gætir eins og í sjávarútvegi, mannvirkjagerð og ferðaþjónustu. Í þeim atvinnugreinum eru trúlega hlutfallslega fleiri ófaglærðir en þeir eru líklegri til að missa atvinnunna þegar kreppir að (Cachon og Aysa-Lastra, 2015; Orrenius og Madeline, 2009).

Menntunarstig þeirra innflytjenda sem tóku þátt í könnuninni var frekar hátt en sambærilegar upplýsingar fundust í opinberum gögnum. Hins vegar bjuggu 62% innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu árið 2020 samkvæmt tölum Hagstofunnar en 52% þeirra innflytjenda sem tóku þátt bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Konur voru 41% innflytjenda á Íslandi þetta ár miðað við sömu heimild en 52% þátttakenda voru konur. Vert er að hafa þennan mun í huga við lestur greinarinnar.

Í þessari rannsókn er byggt á sömu gögnum og í rannsókn Vífils Karlssonar (2022) en ýmsum mikilvægum atriðum bætt við greininguna. Það líkan sem notast var við í aðhvarfsgreiningunum hér er mun betra, m.a. vegna betri flokkunar á búsetu, en vinnumarkaður hefur skýra skírskotun til fjölmennis en samkvæmt kenningum hagfræðinnar er það jákvætt fyrir vinnumarkaðinn í mörgu tilliti, t.d. tekjur og úrval atvinnu (O'Sullivan, 2009). Í núverandi líkani er flokkunin nákvæmari og það sést vel á flestum vinnumarkaðsþáttum þar sem þeir eru í nánast línulegu jákvæðu sambandi við fjölmenni að dreifbýlinu undanskildu. Í fyrri grein var þetta samhengi mun sundurlausara. Þess utan voru gögn nokkurra breyta normaliseruð. Það voru gögn þeirra breyta sem voru úr öllu samhengi við gögn flestra annarra breyta í líkönunum til þess að lágmarka hættu á misdreifni í niðurstöðunum. Núverandi niðurstöður eru því trúverðugri en fyrri niðurstöður. Síðast en ekki síst var einni breytu bætt við líkanið sem hafði mikilvæga landfræðilega skírskotun en það var fjarlægð þátttakenda til vinnu sinnar. Á marktækni hennar í flestum líkönunum má sjá að hún er mikilvæg óháð breyta á þeim sex háðu breytum sem til skoðunar voru enda voru þær allar nátengdar vinnumarkaðnum.

Lokaorð

Í þessari grein var staða innflytjenda á kreppuárinu 2020 skoðuð. Í ljós kom að innflytjendur nutu ekki þess efnahagslega forskots og velgengni sem stærra þéttbýli (einkum höfuðborgarsvæðið) og sumar atvinnugreinar hafa haft og Íslendingar hafa notið með marktækum hætti. Þetta átti a.m.k. við um kreppuárið 2020 hvað svo sem kann að gilda og koma í ljós varðandi stöðu þeirra annars staðar í hagsveiflunni en full ástæða er til að rannsaka það síðar. Niðurstöðurnar eru einnig áhugaverðar í ljósi fyrri rannsókna sem benda til þess að viðhorf innlendra íbúa til innflytjenda séu neikvæðari á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, þar með talin viðhorf um áhrif innflytjenda á vinnumarkaðinn (Ævar Þórólfsson, 2019). Á sama tíma benda gögnin sem greind voru hér til þess að innflytjendum líði betur í fámennari samfélögum og að hagar þeirra þar sé alls ekki verri en ef þeir

byggju á höfuðborgarsvæðinu. Hér er komin upp ákveðin þversögn sem væri verðugt verkefni að greina í frekari rannsóknum. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar þar sem borin er saman staða innflytjenda eftir búsetu á Íslandi og er það von höfunda að þessi grein geti veitt rannsakendum innblástur til að ráðast í það mikilvæga verkefni.

Niðurstöðurnar um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði eru í nokkru samræmi við þær erlendu rannsóknir sem horft var til (t.d. Cachon og Aysa-Lastra, 2015; Orrenius og Madeline, 2009) en það er áhyggjuefni og full ástæða til að hugleiða aðgerðir til úrbóta. Tvær hugsanlegar leiðir til úrbóta væru aukin tungumálakennsla og betri upplýsingar um þessa stöðu en hvorutveggja eru liður í því að gera innflytjendur upplýstari. Íslenskunámskeið fyrir innflytjendur mættu vera ódýrari. Aukin menntun að öðru leyti virðist ekki vera vænleg til árangurs því innflytjendur eru oftast betur menntaðir en Íslendingar innan sömu atvinnugreina. Hins vegar er brýnt að beita raunfærnimati gagnvart innflytjendum því dæmi eru um að innflytjendur fái ekki að starfa á sínu sérsviði vegna þess að menntun sú sem þeir hlutu erlendis og starfsreynsla eru ekki metin hér á landi. Gera mætti upplýsingar um stöðu innflytjenda á Íslandi aðgengilegri og hafa þær á íslensku, ensku, pólsku og e.t.v. fleiri tungumálum. Þá þyrfti líka að upplýsa innflytjendur vel um réttindi sín og skyldur. Fleiri aðgerðir mætti eða þyrfti að nefna en hér er látið staðar numið.

Fjármögnun

Höfundar þakka styrk upp á 2.500.000 kr sem Byggðarannsóknasjóður veitti verkefninu og styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála upp á 1.500.000 kr. Án styrkjanna hefði verkefnið aldrei verið unnið. Rannsókn þessi naut líka styrkja Innviðaráðuneytisins og Byggðaáætlunar með fjármögnun á Rannsóknaretri í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst.

Eftirmálgreinar

- 1 Dreifbýlið er reyndar undantekning þarna því ef stuðlarnir fara undir 1 þá komu þau samfélög ver út en dreifbýlið. Af þessu má því ætla að fólki í dreifbýli landsins líki mjög vel aðstæður á vinnumarkaði þó svo tekjumar séu lægstar þar (Líkan 9).
- 2 Hér er um p-gildi ($\text{Prob} > \text{chi}^2$) að ræða sem þarf að vera lægra en 0,05 til þess að sýna fram á að Líkanið í heild sinni hafi einhver áhrif (nánnar tiltekið: hafna tilgátunni um að líkanið í heild sinni hafi engin áhrif á breytileikann í háðu breytu líkansins).
- 3 Kritiska gildið fyrir Líkan 10 var 14,1 við 5% marktæktarkröfu (eða 12 við 10%) og 26 (eða 28,9) í Líkani 9.

Heimildaskrá

- Balestra, S. og Backes-Kellner, U. (2017). Heterogeneous returns to education over the wage distribution: Who profits the most? *Labour Economics*, 44, 89-105. <https://doi.org/10.1016/j.labeco.2017.01.001>
- Ballester, R., Velazco, J., & Rigall-I-Torrent, R. (2015). Effects of the Great Recession on immigrants' household consumption in Spain. *Social Indicators Research*, 123, 771-797. <https://doi.org/10.1007/s11205-014-0760-1>
- Barbaglia, M. G., Have, M. t., Dorsselaer, S., Alonso, J. og de Graaf, R. (2015). Negative socioeconomic changes and mental disorders: A longitudinal study. *Journal of Epidemiology and Community Health*, 69(1), 55-62. <https://doi.org/10.1136/jech-2014-204184>
- Block, J. H., Millán, J. M., Román, C. og Zhou, H. (2014). Job satisfaction and wages of family employees. *Entrepreneurship Theory and Practice*, 39(2), 183-207. <https://doi.org/10.1111/etap.12035>
- Boyes, W. og Melvin, M. (1999). *Economics*. Houghton Mifflin Company.
- Briones-Vozmediano, E., Agudelo-Suarez, A. A., Goicolea, I., & Vives-Cases, C. (2014). Economic crisis, immigrant women and changing availability of intimate partner violence services: a qualitative study of professionals' perceptions in Spain. *International Journal for Equity in Health*, 13(1), 79. <http://dx.doi.org/10.1186/s12939-014-0079-1>
- Cachon, L. og Aysa-Lastra, M. (ritstj.). (2015). *Immigrant vulnerability and resilience*. Springer Cham. <https://doi.org/10.1007/978-3-319-14797-0>
- Calnan, R., & Painter, G. (2017). The response of Latino immigrants to the Great Recession: Occupational and residential (im)mobility. *Urban Studies*, 54(11), 2561-2591. <https://doi.org/10.1177/0042098016650567>
- Duncan, G. J., & Holmlund, B. (1983). Was Adam Smith right after all? Another test of the theory of compensating wage differentials. *Journal of Labor Economics*, 1(4), 366-379. <https://doi.org/10.1086/298018>

- Fromentin, V., Damette, O., & Zou, B. (2017). The global economic crisis and the effect of immigrant workers on native-born employment in Europe. *World Economy*, 40(6), 1068-1088. <https://doi.org/10.1111/twec.12394>
- Henderson, J. V. (2003). Marshall's scale economies. *Journal of Urban Economics*, 53(1), 1-28. [https://doi.org/10.1016/S0094-1190\(02\)00505-3](https://doi.org/10.1016/S0094-1190(02)00505-3)
- Gassen, N. S., & Penje, O. (2021). *Integrating immigrants into the Nordic labour markets. The impact of the COVID-19 pandemic*. Nordic Council of Ministers. <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1317928/FULLTEXT01.pdf>
- Glaeser, E. L., og Mare, D. C. (2001). Cities and skills. *Journal of Labor Economics*, 19(2), 27. 316-342. <https://doi.org/10.1086/319563>
- Gotsens, M., Malmusi, D., Villarroel, N., Vives-Cases, C., Garcia-Subirats, I., Hernando, C. og Borrell, C. (2015). Health inequality between immigrants and natives in Spain: The loss of the healthy immigrant effect in times of economic crisis. *European Journal of Public Health*, 25(6), 923-929. <https://doi.org/10.1093/eurpub/ckv126>
- Hagstofa Íslands. (2023). *Yfirlit mannfjölda 2023* [tafla]. <http://hagstofa.is/>
- Hallfríður Þórarinsdóttir. (2019). Innflytjendur í ferðaþjónustu drifkraftur vaxtar og hagsældar: Umbreytingar á íslenskum vinnumarkaði. *Mirra fræðslu- og rannsóknarsetur*. <https://mirra.is/rannsoknir-og-radgjof/>
- Hunt, G. L. (1993). Equilibrium and disequilibrium in migration modelling. *Regional Studies*, 27(4), 341-349. <https://doi.org/10.1080/00343409312331347605>
- Kuntz, A., Davidov, E., & Semyonov, M. (2017). The dynamic relations between economic conditions and anti-immigrant sentiment: A natural experiment in times of the European economic crisis. *International Journal of Comparative Sociology*, 58(5), 392-415. <https://doi.org/10.1177/0020715217690434>
- Irastorza, N., & Peña-Legazkue, I. (2018). Immigrant entrepreneurship and business survival during recession: Evidence from a local economy. *The Journal of Entrepreneurship*, 27(2), 243-257. <https://doi.org/10.1177/0971355718781248>
- Jón Bjarki Bentsson og Þórhallur Ásbjörnsson. (2004). *Arðsemi menntunar á Íslandi*. Hagfræðistofnun HÍ. <http://hdl.handle.net/10802/6283>
- Karlsson, V. (2012). *Transportation improvement and interregional migration* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Opin vísindi. <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/1484>
- Karlsson, V. (2020). The darkest hour is just before the dawn: What are the residential preferences of new rural in-migrants in Iceland and do they differ from those of the traditional farmer? *West Iceland Regional Development*. <http://ssv.is/wp-content/uploads/2020/01/Oll-el-birtir-lokaeintak.pdf>
- Lessem, R., & Nakajima, K. (2019). Immigrant wages and recessions: Evidence from undocumented Mexicans. *European Economic Review*, 114, 92-115. <https://doi.org/10.1016/j.euroecorev.2019.02.004>
- Marketa, R. (2012). Responses to the economic crisis among immigrants in the Czech Republic: Impeding and inhibiting factors for staying. *Comparative population studies*, 37(1-2). <https://doi.org/10.12765/CPoS-2012-02>
- McCann, P. (2001). *Urban and regional economics*. Oxford University Press.
- Nielsen, S. S., & Krasnik, A. (2010). Poorer self-perceived health among migrants and ethnic minorities versus the majority population in Europe: A systematic review. *International Journal of Public Health*, 55(5), 357-371. <https://doi.org/10.1007/s00038-010-0145-4>
- O'Sullivan, A. (2009). *Urban economics* (7th ed.). New York: McGraw-Hill / Irwin.
- Petrelli, A., Di Napoli, A., Rossi, A., Costanzo, G., Mirisola, C. og Gargiulo, L. (2017). The variation in the health status of immigrants and Italians during the global crisis and the role of socioeconomic factors. *International Journal for Equity in Health*, 16(1), 98. <https://DOI10.1186/s12939-017-0596-9>
- Porthé, V., Vargas, I., Ronda, E., Malmusi, D., Bosch, L., & Vázquez, M. L. (2017). Has the quality of health care for the immigrant population changed during the economic crisis in Catalonia (Spain)? Opinions of health professionals and immigrant users. *Gac Sanit*, 32(5), 425-432. <https://doi.org/10.1016/j.gaceta.2017.03.010>
- Orrenius, P. M., & Madeline, Z. (2009). *Tied to the business cycle: How immigrants fare in good and bad economic times*. Migration Policy Institute. <https://www.migrationpolicy.org/pubs/orrenius-Nov09.pdf>
- O'Sullivan, A. (2009). *Urban economics* (7. útg.). McGraw-Hill.
- Roback, J. (1982). Wages, rents, and the quality of life. *The Journal of Political Economy*, 90(6), 1257-1278. <https://doi.org/10.1086/261120>
- RÚV. (2014). *Frumvarp gegn mismunum*. Ríkisútvarpið. Sótt á: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/frumvarp-gegn-mismunum>.
- Smith, A. (1997). Auðlegð þjóðanna (Þorbergur Þórsson, þýð). Bókafélagið. (Upphaflega útgefin 1776).
- Smith, R. S. (1979). Compensating wage differentials and public policy: A review. *ILR Review*, 32(3), 339-352. <https://doi.org/10.1177/001979397903200304>
- Spallek, J., Zeeb, H., & Razum, O. (2011). What do we have to know from migrants' past exposures to understand their health status? a life course approach. *Emerging Themes in Epidemiology*, 8(1), 6. <https://doi.org/10.1186/1742-7622-8-6>
- Soto, J. og Paredes, D. (2016). Cities, wages and the urban hierarchy. *Journal of Regional Science*, 56(4), 596-614. <https://doi.org/10.1111/jors.12269>
- Sigurjónsdóttir, H. R., Sigvardsson, D., & Oliveira e Costa, S. (2021). *Who is left behind? The impact of place on the possibility to follow Covid-19 restrictions*. Nordregio. <https://nordregio.org/publications/who-is-left-behind-the-impact-of-place-on-the-possibility-to-follow-covid-19-restrictions/>
- Sighvatur Arnmundsson. (2019) *Ekki nóg að upplýsa fólki um réttindi sín*. Fréttablaðið. Sótt á <https://timarit.is/page/7154085?iabr=#page/n7/mode/2up/search/vinumarkadaur%20+C3%B0ur%20+innflytjendur%20mismunur%20+laun>
- Subedi, R. P., & Rosenberg, M. W. (2014). Determinants of the variations in self-reported health status among recent and

- more established immigrants in Canada. *Social Science & Medicine*, 115, 103-110. <https://doi.org/10.1016/j.socsci-med.2014.06.021>
- Takenoshita, H. (2017). The impact of the recent economic crisis on unemployment among immigrants in Japan. *Journal of International Migration and Integration*, 18(2), 563-585. <https://doi.org/10.1007/s12134-016-0481-1>
- Torres, V. T. (2013). *The implication of the economic crisis on the Filipino community in Iceland and why families in the Philippines are affected* [meistararitgerð]. Háskólinn á Bifröst. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/17469>
- UN. (2009). *International migrant stock: The 2008 revision*. <http://esa.un.org/migration/>
- Vífill Karlsson. (2018). *Íbúakönnun á Íslandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða 19 landsvæða á landsbyggðunum frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri*. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun_2016_Allir-landshlutar_lokaeintak-2.pdf
- Vífill Karlsson. (2021). *Íbúakönnun landshlutanna 2020: Gögn og aðferðir*. *Deigla*, 2(2), 1-25. <https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/06/Ibuakonnun-landshlutanna-2020-gogn-og-adferdir.pdf>
- Vífill Karlsson. (2022). *Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði í Covid-kreppu: Hver er staða innflytjenda á vinnumarkaði hérlendis á krepputímum og er einhver landfræðilegur munur á henni?* Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. <https://ssv.is/wp-content/uploads/2022/08/Innflytjendur-vinumarkadur-Covid-Skyrsla.pdf>
- Vífill Karlsson og Finnbjörn Börkur Ólafsson. (2011). *Vinnumarkaður Vesturlands: Menntun og arðsemi*. Í Daði Már Kristófersson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum XII* (bls. 32-42). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Yankow, J. J. (2006). Why do cities pay more? An empirical examination of some competing theories of the urban wage premium. *Journal of Urban Economics*, 60(2), 139-161. <https://doi.org/10.1016/j.jue.2006.03.004>
- Ævar Þórólfsson. (2019). *Könnun á viðhorfum almennings til innflytjenda og fjölmenningsamfélagsins*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Vi%C3%B0horf_%20til_innflytjenda_september_2019.pdf

Um höfunda

VÍFILL KARLSSON (vifill@ssv.is) starfar sem atvinnuráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, prófessor við Háskólann á Bifröst og dósent við Háskólann á Akureyri. Hann lauk doktorsgráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 2012.

BJARKI ÞÓR GRÖNFELDT (bjarkig@bifrost.is) starfar sem lektor við Háskólann á Bifröst. Hann lauk doktorsgráðu í stjórnmálasálfræði frá Háskólanum í Kent (Englandi) árið 2023.